



FUNDARGERÐ 449. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 28. maí 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:31. Fundurinn er staðfundur á skrifstofum SORPU að Gylfaflöt 5 og fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson með fjarfundarbúnaði, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson með fjarfundarbúnaði, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni með fjarfundarbúnaði.

Tekið fyrir

1. Uppgjör mars og apríl mánaða 2021

Fjármálastjóri kynnir uppgjör SORPU fyrir mars og apríl.

2. Vísitöluhækkun á gjaldskrá SORPU

Framkvæmdastjóri kynnir reglubundna vísitölubreytingar á gjaldskrá SORPU.

3. Vitundavakning um loftslagsmál í grunnskólum – erindi frá síðasta fundi rætt

Erindi rætt frá síðasta fundi.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að ræða við forsvarsmenn Grænskjáa og finna mögulega samstarfsfleti sem nýtast í fræðslu og vitundarvakningu um loftslagsmál í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu.

4. Endurnýjun á samningum um rekstur grenndarstöðva.

Framkvæmdastjóri kynnir að nýju tillögu um framlengingu á samningi um rekstur grenndarstöðva til eins árs.

Stjórn samþykkir að framlengja gildandi samning um rekstur grenndarstöðva samkvæmt tillögu framkvæmdastjóra um eitt ár.

5. Næsti fundur.

Næsti fundur stjórnar er boðaður samkvæmt starfsáætlun stjórnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 15:38.